

# TERTUSLAGUR

eftir Haim Shafir

Fjöldi leikmanna: 3-6 Aldur: 5 ára og eldri

Spilatími: u.þ.b. 15 mín.

## Innihald spilsins

30 tertuspil (5 í hverjum lit: drapplit, gul, rauð, blá, fjólublá og brún)

1 tertustimpill

1 tertudiskur

## Markmið spilsins

Leikmenn eiga að reyna að safna öllum fimm tertuspilunum í sama lit á hendi. Sá sem fyrstur nær því leggur þá aðra hönd sína á tertudiskinn. Þá eiga allir hinir líka að leggja hönd á diskinn – því að sá sem er síðastur fær tertuna í andlitið!

## Undirbúningur

Spilað er með jafnmörgum litaröðum (5 tertuspil í hverri) og leikmenn eru margir. Ef færri en sex leikmenn spila eru spilin, sem afgangs eru, geymd í kassanum og ekki höfð með í þetta sinn.

Stokkið spilin og gefið öllum jafnmörg spil á hvolfi. Allir taka sín spil á hendi og gæta þess að sýna ekki hinum. Tertudiskurinn er settur á mitt borðið og tertustimpillinn við hliðina á honum.

## Gangur spilsins

Í upphafi hverrar umferðar eru allir með fimm tertuspil af handahófi á hendi. Markmiðið er að safna fimm spilum í sama lit eins fljótt og hægt er, með því að lauma einu spili í einu til næsta leikmanns.

## Hefjum nú leikinn!

Allir leikmenn velja nú eitt spil af hendi og lauma því, *allir í einu*, á hvolfi til þess sem situr þeim á vinstri hönd. Þannig fá allir nýtt spil frá þeim sem situr hægra megin við þá um leið og þeir lauma spili til sessunautar síns á vinstri hönd.

Síðan velja allir aftur eitt spil og lauma því til vinstri og fá um leið nýtt spil frá hægri. Haldið áfram að lauma spilum þangað til einhver er kominn með fimm spil í sama lit!

**Munið:** Allir verða að lauma spilunum sínum *samtímis!* Best er að sleppa ekki höndinni af spilinu, sem verið er að lauma, fyrr en allir leikmenn hafa valið spil til að lauma.

## Ertu komin(n) með fimm spil í sama lit?

Um leið og einhver er kominn með fimm tertuspil í sama lit á hendi verður hann að leggja aðra höndina á tertudiskinn eins fljótt og hann getur. Um leið og hinir leikmennirnir taka eftir því eiga þeir líka að leggja hönd á tertudiskinn tafarlaust. Það verður því stafti af höndum á tertudisknum:

## Tertuslagur!

Sá sem er *fyrstur* til að setja hönd sína á tertudiskinn (þ.e. sá sem á neðstu höndina í staflanum) fær að „kasta tertunni“ í þann sem var svifaseinastur (og á efstu höndina í staflanum) með því að stimpla á handarbak hans með tertustimplinum!

Stokkið síðan öll spilin upp á nýtt og gefið aftur.

## Lok spilsins

Spilinu lýkur um leið og einhver er kominn með fimm stimpla. Sá sigrar sem fengið hefur *fæsta* stimpla!

## Ábending til foreldra

Gætið þess vel að loka stimplinum vel eftir hverja umferð til að hann endist lengur og til að forðast blekbletti á borðinu og í fötum barnanna.

